

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 39/1993.

Gísli Gíslason

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Ármannsfelli hf. og

Sjóvá – Almennum tryggingum hf.

til réttargæslu

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1993 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.830.753 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. apríl 1990 til 2. apríl 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar bótakrafna og sakarskiptingar.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er útreikningur Verkfræðistofu Gunnars Torfasonar hf. á halla þaks þess, sem áfrýjandi féll af 4. apríl 1990, en samkvæmt honum reiknast hallinn 15,5°.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Áfrýjandi er lærður og reyndur húsasmiður með meistararéttindi. Hlaut hann sjálfur að eiga hlut að því að meta, hvort aðstæður til þakvinnu væru forsvaranlegar greint sinn. Hann hafði, áður en slysið varð, unnið um nokkra hríð við þök umræddrar húsasamstæðu og mátti vera ljós hætta, er stafaði af því að stíga út af öryggisstiga, sem

notaður var við vinnu á þakinu. Er og á það fallist með héraðsdómara, að eigi sé fram komið í málinu, að á hafi skort af hálfu stefnda um öryggisráðstafanir á vinnustað eða tilkynningu um slysið. Að þessu athuguðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Þegar áfrýjandi slasaðist um miðjan dag í aprílbyrjun 1990, var hann nýkominn til vinnu með öðrum trésmið uppi á þaki raðhússins nr. 23 við Krummahóla í Reykjavík, sem stefndi hafði í byggingu ásamt mörgum nálægum húsum. Hafði járnklæðning áður verið sett á þakið, en eftir var sá frágangur að setja áfellur á jaðarinn við vegg næsta húss og koma fyrir kjöljárni og lofttúðu á mæninum ásamt því að hnoða plötusamskeyti. Ágreiningur er um, hverjum þessara verkefna áfrýjandi átti að sinna, en hann kveður það hafa verið tvö hin síðarnefndu. Fær það nokkurn stuðning í frásögn starfsfélaga hans, sem segir áfrýjanda hafa ætlað að hnoða samskeyti, en kveðst sjálfur hafa unnið við áfellurnar þennan dag. Það verk var unnið úr þakstiga, sem smiðirnir höfðu til umráða í öryggisskyni. Við hin tvö virðist stiginn ekki hafa verið notaður, að því er ráðið verður af framburði byggingarstjóra stefnda og öðrum skýrslum fyrir dómi.

Þegar slysið varð, var veður á mörkum þess, að vinnandi væri á þakinu, eins og um getur í héraðsdómi. Fram er og komið, að vetur hafði verið þungur og veður óhagstætt vikurnar fyrir slysið, svo að sæta þurfti lagi til verka við húsin. Óljóst er, hvernig ákveðið var að hefja vinnu á húsþakinu í þetta sinn, en miða verður við, að einhvers konar samráð smiðanna og yfirmanna þeirra hafi komið til. Ætla verður í því sambandi, að stefndi hafi látið sér annt um framvindu verka á svæðinu, og byggingarstjóri hans gat ekki fullyrt, að hann hefði ekki gefið áfrýjanda fyrirmæli um að fara upp á þakið.

Engar öryggisráðstafanir voru gerðar vegna þessarar vetrarvinnu umfram það, sem fólst í notkun þakstigans, en ætla verður, eftir því sem fyrr segir, að hún hafi ekki náð til allrar vinnu á þakinu. Vinnupallur við húsvegginn veitti aðeins takmarkaða vernd og kom áfrýjanda að engu haldi, enda verður ekki séð, að gerð hans hafi verið miðuð við þarfir þakvinnu. Sú umsögn Vinnueftirlits ríkisins í bréfi 13. október 1993 til lögmanns áfrýjanda, að fallvarnir virðist ekki hafa verið til staðar, er því á rökum reist. Í 3. og 4. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu er svo á kveðið, að við þakvinnu skuli koma fyrir sérstökum fallvörnum, ef þak sé hátt eða halli þess meiri en 34°, en að öðrum kosti skuli verkamenn þá vera búnir öryggisbelti með líflínu. Í þessu tilviki voru þakhalli og þakhæð mun minni en þarna er til vísað, en umrædd fyrirmæli gátu átt við eigi að síður vegna hinna ríkjandi veðurskilyrða, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Á það skortir með áberandi hætti, að málsatvik hafi verið skýrð. Ástæðan er sú meðal annars, að í falli sínu af húspakinu lemstraðist áfrýjandi ekki svo, að þörf væri talin á að tilkynna um slysið þegar í stað, þar sem hann stóð upp óbrotinn. Var tilkynning til Vinnueftirlits ríkisins rituð tveimur dögum síðar, eins og um ræðir í héraðsdómi, og gaf hún ekki til kynna, að afleiðingar slyssins gætu orðið alvarlegar fremur en hitt. Þessi tilkynningarháttur var ekki í ósamræmi við settar reglur, en eftirleikurinn varð sá, að engin rannsókn fór fram á slysinu. Virðist ekki hafa verið reynt að afla skýrslna um atvik þess fyrr en við aðalmeðferð málsins í október 1992, þegar áfrýjandi og fimm starfsmenn stefnda komu fyrir dóm. Sjötti starfsmaðurinn kom fyrir dóm eftir áfrýjun málsins að frumkvæði áfrýjanda, og kvaðst hann hafa séð slysið úr byggingarkrana, sem hann stjórnaði í námunda við húsið. Fer framburður hans í bága við skýrslur hinna starfsmannanna í nokkrum atriðum, og er það stefnda í óhag, sem á milli ber. Í frásögnum þessara manna af aðdraganda slyssins gætir mjög óvissu og misræmis, þar á meðal um atriði varðandi tilhögun verka, sem vinnuveitanda ætti að vera auðvelt að leiða í ljós. Til dæmis var aðferðum við að þíða snjó og klaka af byggingum á svæðinu lýst með gagnólíkum hætti af hálfu byggingarstjóra og verkstjóra stefnda, en umdeilt er og óljóst, hvernig að

Því var staðið á þakinu í þetta sinn. Verður stefndi að bera halla af óvissunni um þau atriði, sem helst snúa að honum.

Vörn stefnda í málinu er í raun aðallega á því reist, að áfrýjandi hafi ekki átt að vinna utan þakstigans eða stíga út úr honum, og lagði byggingarstjóri stefnda áherslu á hið fyrrnefnda í skýrslu sinni fyrir dómi. Staðhæfingar stefnda í þessu efni geta þó ekki talist nægilega sannanðar, eins og málið er vaxið, og verður við það að miða, að áfrýjandi hafi átt erindi út fyrir stigann. Brestur þá jafnframt skýra sönnun þess, að öryggi starfsmanna við þakvinnuna hafi verið nægilega tryggt af hendi stefnda. Verður slys áfrýjanda þannig rakið til misbresta í verkstjórn og öryggi á vinnustaðnum, og ber stefndi ábyrgð að því leyti á tjóni hans af slysinu.

Að hinu leytinu átti áfrýjandi ekki að dyljast, að honum væri mikil hætta búin á þakinu, og er gáleysi hans einnig um að kenna, hvernig fór. Með hliðsjón af kunnáttu hans og reynslu og þeirri ábyrgð, er starfi hans fylgdi, er rétt að meta skaðabótaskyldu í málinu á þann veg, að hann beri sjálfur tjón sitt að 3/5 hlutum, en stefndi bæti honum það að 2/5 hlutum auk þess að greiða honum hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er sú, að sýkna eigi stefnda, eru þó ekki efni til að fjalla um bótahlíð málsins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., er höfðað með framlagningu stefnu í dómi 30. apríl sl.

Stefnandi er Gísli Gíslason, kt. 310550-3299, til heimilis að Rekagrandu 2, Reykjavík.

Stefndi er Ármannsfell hf., kt. 420169-0279, Funahöfða 19, Reykjavík.

Þá er Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1729, Kringlunni 5, Reykjavík, stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda, Ármannsfelli hf., verði gert að greiða stefnanda 4.329.713 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta og málskostnaðar].

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda og engar heldur af hans hálfu.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts, en til vara, að sök verði skipt í málinu og

bætur lækkaðar mjög verulega og málskostnaður dæmdur eins og í aðalkröfu.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 4. apríl 1990 var stefndi, sem er húsasmiður að mennt, að vinna við þak raðhúss, sem stefndi, sem er byggingarfyriertæki, var með í smíðum við Krummahóla 23 hér í borg. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands voru 5 vindstig og 6 stiga frost kl. 9.00 að morgni þessa dags og skafrenningur. Kl. 12.00 hafði frostið minnkað í 3,9 stig og kl. 15.00 í 1,7 stig og vindhæð í 4 stig. Þá segir í vottorðinu, að jörð hafi verið alþakin misþykku lagi af þéttum eða votum snjó. Snjó- og hálkublettir voru á þaki hússins. Töldu stefnandi og samstarfsmaður hans, Árni Eðvaldsson húsasmiður, óvinnandi uppi á þakinu um morguninn af framangreindum ástæðum. Upp úr hádegi fór veður batnandi, og fóru stefnandi og Árni, sem báðir unnu í uppmælingu hjá stefnda, að vinna uppi á þakinu. Um kl. 14.30 vildi það slys til, að stefnandi steig af þakstiganum út á þakjárnid á suðurhlid hússins. Datt stefnandi við það á bakið, rann niður þakið og féll af þakbrúninni og fór yfir vinnupall, sem reistur hafði verið fyrir framan húsið. Féll stefnandi um það bil þrjú metra og á harðan snjóskaf. Segir í tilkynningu stefnda um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dagsettri 6. apríl 1990, sem byggingarstjóri stefnda og öryggistrúnaðarmaður undirrituðu, að stefnandi hafi staðið upp og gengið sjálfur inn í vinnuskúr á svæðinu, en þaðan var honum ekið á slysaeild Borgarspítalans til skoðunar og myndatöku. Í vottorði Stefáns Carlssonar lækni um skoðun á stefnanda þann dag segir m. a., að stefnandi hafi fengið áverka á háls og mjóhrygg, en reynst óbrotinn. Var álitid, að um vöðvatognun á hálsi og í baki væri að ræða. Fékk stefnandi hálskraga og lyfseðil fyrir bólgueyðandi og vöðvaslakandi lyfjum. Endurkoma var ráðgerð að hálfum mánuði liðnum, en samkvæmt vottorðinu leitaði stefnandi ekki aftur á slysaeildina vegna þessara meiðsla nema til að fá vottorð, sem honum var látið í té í nóvember s. á.

Björn Öundurson tryggingayfirlæknir mat örorku stefnanda vegna slyssins, og er matsgerð hans dagsett 22. janúar sl. Segir í niðurstöðum matsins, að stefnandi búi við nær stöðug óþægindi í aftanverðum hálsi og herðum. Þá fái stefnandi verk á milli herðablaða við lítið álag, t. d. ef hann sitji eða vinni lotinn. Stefnandi eigi bágt með að beita aflri handlima, einkum í lotinni stellingu. Hann eigi bágt með að vinna upp fyrir sig, og iðulega sofi hann illa vegna verkjanna. Allar hreyfingar í hálsliðum séu sárar, en verstur sá höfuðverkur, sem stefnandi fái við tiltölulega lítið álag og byrji í hnakka og leggi fram yfir höfuð. Mat læknirinn tímabundna örorku stefnanda 100% í fjóra mánuði og 50% í tvo mánuði og varanlega örorku 20%.

Stefnandi telur, að stefndu beri fulla bótaábyrgð á slysinu. Hafi það orðið vegna óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustað. Veðurskilyrði hafi verið slík, að ekki hafi verið forsvaranlegt að skipa mönnum til vinnu uppi á þaki við frágang á þaki án nokkurra öryggisráðstafana, en snjókoma hafi verið, stinningskaldi og frost. Til að vinna lokafrágang á þakinu hafi það orðið að vera autt og hálkulaust. Orsök slyssins hafi verið hálka á þakinu, sem stefndi hafi ekki náð að þíða. Hann hafi aðeins verið iðnlærður verkamaður að hlýða skipun byggingarstjóra stefnda að fara til vinnu sinnar við óforsvaranlegar aðstæður, sem stefndi hafi borið ábyrgð á. Gengið hafi verið þannig frá vinnuöllum við húsið, að þeir hefðu enga vörn veitt fyrir þá, sem unnu á þakinu, ef slys bæri að höndum. Ekki hafi heldur verið nein bönd til öryggis á bröttu þakinu, meðan verið var við vinnu þar. Þannig hafi stefndi með öllu þessu brotið gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 28. maí 1980, einkum 37., 41. og 42. gr. Þá hafi stefndi látið hjá líða að láta fara fram lögreglurannsókn skv. 12. tl. 2. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, er slysið varð.

Um lagarök vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar og reglna skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð svo og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Enn fremur vísar stefnandi til ofangreindra ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og 2. og 4. mgr. 81. gr. þeirra um brot á tilkynningarskyldu um slysið. Þá vísar hann, svo sem áður greinir, til 12. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Um vexti vísar stefnandi til 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Stefndi Ármannsfell hf. rökstyður sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi sjálfur valdið tjóni sínu með því ógætilega atferli að stíga af flötum þakstiga út á þakjárnið, sem honum hafi verið fullkunnugt um, að gat verið hált, og verði hann sjálfur að bera alla ábyrgð á því.

Kröfu sína um verulega lækkun skiptingar sakar og verulega lækkun bóta rökstyður stefndi með því, að slysið hafi orðið, a. m. k. að verulegu leyti, fyrir óvarkárni stefnanda.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi verið að hlýða skipunum byggingarstjóra stefnda um að fara til vinnu sinnar við óforsvaranlegar aðstæður. Hið rétta sé, að ákvörðunin að hefja vinnu hafi verið á valdi stefnanda og samstarfsmanns hans, og sé rangt, að byggingarstjórinn hafi skipað þeim til vinnu. Hið rétta sé, að stefnandi og samstarfsmaður hans hafi tekið ákvörðunina, er þeir hafi talið veður orðið til vinnu uppi á þakinu. Þá mótmælir stefndi því, að þakið sé bratt, og hefur lagt fram ljósmyndir og teikn-

ingar því til stuðnings. Þá kveður stefndi þakstígann sjálfan hafa verið öryggistæki, og öðrum öryggisráðstöfunum hafi ekki orðið við komið, og við venjulegar aðstæður hafi menn unnið á þakinu sjálfu og gengið eftir því án stuðnings.

Forsendur og niðurstaða.

Í skýrslum stefnanda og samstarfsmanns hans greint sinn, Árna Eðvaldssonar, hér fyrir dómi kemur fram, að veður hafi verið orðið skaplegt, er þeir héldu til vinnu uppi á þaki raðhússins nr. 23 við Krummahóla hér í borg eftir hádegi 4. apríl 1990. Hins vegar greinir þá á um aðdraganda slyssins og aðstæður á þakinu, áður en það varð. Heldur stefnandi því fram, að eftir hádegi hafi byggingarstjóri stefnda, vitnið Björgvin Magnússon, sent menn upp á þakið til að bræða snjó og klaka af því. Hafi stefnandi ætlað að fara að ganga frá hnoðum á mæni þaksins og stigið í þeim tilgangi úr þakstiga, sem stefnandi hafði sjálfur smíðað, og út á þakið með þeim afleiðingum, sem að framan greinir. Nefndur Björgvin hefur eigi kannast við að hafa sent menn upp á þak til að bræða snjó og klaka af þakinu þennan dag. Þá kannast hann ekki við að hafa gefið stefnanda og Árna bein fyrirmæli um að fara upp á þakið til vinnu. Verkstjóri á staðnum, vitnið Anton Elvar Þórjónsson, hefur ekki heldur kannast við að hafa gefið slík fyrirmæli. Þá minnst vitnið Jóhannes Ágúst Jóhannesson, sem var verkamaður hjá stefnda á þeim tíma, er hér um ræðir, og sá m. a. að jafnaði um að þíða snjó af þökum raðhúsa þeirra, sem stefndi var með í smíðum í Krummahólum, þess ekki að hafa þitt snjó af þaki raðhúss þess, sem hér um ræðir, greint sinn.

Árni Eðvaldsson, sem var eina vitnið að slysinu, hefur lýst aðdraganda þess á þá leið, að fyrir slysið hafi stefnandi sjálfur verið að bræða snjó af þaki hússins og verið búinn að því á norðurhlið þess. Töluvert mikill snjór hafi hins vegar verið á suðurhlið og vitninu og stefnanda verið það fullljóst. Hafi stefnandi verið á leið niður þakstígann á suðurhlið, er hann hafi stigið út af honum í „andartaks-athugaleysi“, án þess að eiga nokkurt erindi úr honum, og við það fallið niður af þakinu.

Upplýst er í málinu með skýrslum fyrrgreinds Jóhannesar Ágústs og Ívars Erlendssonar húsasmiðs, að smiðirnir hafi sjálfir stundum séð um að bræða snjó af þökum.

Af ljósmyndum og teikningum af umræddu raðhúsi, sem liggja fyrir í málinu, verður ráðið, að þakhalli raðhússins sé um 15 gráður. Þá er fram komið í málinu, að vinnupallur hafði verið reistur við húsið og gólf hans

verið um tvo metra frá jörðu og handrið við hann um einn metri á hæð. Við þakvinnuna var umræddur þakstigi notaður sem öryggistæki, þegar aðstæður voru eigi góðar, en venjulega var þakið sjálfst notað til að vinna á, þar eð halli þess verður að teljast lítill. Þá er upplýst í málinu, að öryggistaugar hafi verið tiltækar hjá stefnda, ef eftir því hefði verið leitað. Hins vegar má ráða af skýrslum stefnanda og vitna, að ekki hafi tíðkast af hálfu stefnanda eða annarra starfsmanna stefnda að nota slíkar taugar við framangreindar aðstæður. Er að mati dómsins eigi annað komið fram í málinu en að aðstæður á vinnustað hafi verið með þeim hætti, að þær uppfylltu skilyrði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. og 17. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu. Þá þykir tilkynning stefnda um slysið hafa fullnægt skilyrðum reglugerðar nr. 612/1989, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980, þar sem stefndi hafi ekki mátt ætla annað miðað við fyrstu viðbrögð stefnanda eftir slysið, ásigkomulag hans þá svo og fyrstu lækni skoðun, en að stefnandi myndi jafna sig fljótlega.

Fram er komið í málinu, að stefnandi hafði starfað við húsasmíðar frá árinu 1974 og fengið meistararéttindi í iðninni 1981. Hafði stefnandi unnið hjá stefnda frá árinu 1987, er slysið varð.

Það er álit dómsins, að leggja verði til grundvallar um aðdraganda slyss þess, sem mál þetta er sprottið af, skýrslu vitnisins Árna Eðvaldssonar hér fyrir dómi. Samkvæmt henni og með hliðsjón af því, sem rakið er hér að framan, verður að telja, að orsök slyssins megi rekja til þeirrar óaðgæslu stefnanda, sem var þaulkunnugur aðstæðum, að stíga af þakstiganum og út á þakið, er honum gat ekki dulist samkvæmt skýrslu Árna, að snjór var á og það því hált af þeim sökum. Þykir með vísan til þessa verða að leggja alla sök slyssins á stefnanda, og ber þar af leiðandi að sýkna stefnda, Ármannsfell hf., af kröfum hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ármannsfell hf., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gísla Gíslasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.